



Langanesbyggð

26.11. 2024

Til: Byggðarráðs Langanesbyggðar

Efni: Bæjarhátíðin Bryggjudagar

Ágæta Byggðarráð,

Framkvæmd og fjármögnun Bryggjudaga í ár gekk vonum framar ef horft er til þess hvert útlitið var þegar við áttum síðast fund með fulltrúum í Byggðaráði á vordögum. Á þeim tíma var fjárhagsstaða bágborin og gekk illa að safna styrkfé til að rétta hátíðina af. Þrátt fyrir þetta tókst að halda þökkalega hátíð og meira að segja með örlitlum rekstrarafgangi, sem er vel.

Bryggjudagar sendu enga beina styrkbeiðni á Langanesbyggð þar sem óljóst var hvernig dæmið myndi ganga upp að lokum og hvort það kæmi til þess að við þyrftum einhverja frekari aðstoð en þann styrk sem gert var ráð í fjárhasáætlun fyrir árið 2024. Nú er ljóst að svo er ekki og kunnum við Langanesbyggð bestu þakkir fyrir alla aðstoð mannafla og afnotaleyfi af eignum sveitarfélagsins.

Ef við mættum biðja um að fá þann styrk greiddan sem gert er ráð fyrir í áætlunum sveitarfélagsins þá væri staðan á reikningi Bryggjudaga í upphafi undirbúnings næstu hátíðar um 800.000, sem er mun betra start en í fyrra og allt önnur staða að vinna úr.

Þar sem fjárhagsáætlunarvinna stendur yfir um þessar mundir hjá Langanesbyggð þá langaði okkur að senda ykkur erindi og biðja ykkur um að athuga hvort mögulega væri hægt að hækka árlegan styrk til hátíðarinnar. Það er orðið nokkuð ljóst að fyrirtæki utan svæðisins og styrktarsjóðir eru ekki tilbúin til að styrkja verkefni af þessum toga en í ár sendum við út tugi styrkbeiðna vegna hátíðarinnar og lentum allstaðar á vegg, annarsstaðar en hjá heimamönnum og rótgrónum velunnurum. Aukið framlag færi langt með að tryggja rekstrargrundvöll hátíðarinnar til framtíðar.

Stjórn Bryggjudaga á Þórshöfn í Langanesbyggð